

Nr. 036 / 15 Faldur**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1267 IMO nr. 0
Smíðaður: Vestmannaeyjum 1972 Eik
Stærð: 17,91 brl. 25,58 bt.
Mesta lengd: 14,54 m Skráð lengd: 14,22 m
Breidd: 4,08 m Dýpt: 1,56 m
Vél: Scania 113 kW 1972
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 22



Faldur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 13. apríl 2015 var Faldur á siglingu í hvalaskoðunarferð með farþega á Skjálfandaflóa. Veður: Logn og ládautt.

Á siglingunni varð skipstjórinn var við mikinn reyk sem lagði frá púströri vélarinnar. Hann stöðvaði þá vélina en í því fór brunaviðvörðunarkerfið í gang og reyk lagði upp í stýrishúsið. Hringdi hann þá í 112 auk þess að kalla á VHF rás 16 og óskaði eftir aðstoð.

Björgunarsveit var kölluð út og nálægir bátar látnir vita. Farþegaskipið Bjössi Sör kom fljótlega að og skömmu síðar björgunarbáturinn Jón Kjartansson sem ferjaði farþega yfir í hann. Var því lokið á rúmum hálf tíma eftir að kallað var eftir aðstoð.

Fljótlega var ljóst að eldur var ekki laus í vélarúminu en farþegaskipið Knörrinn dró Fald til Húsavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að kælivatnsdæla á aðalvélinni brotnaði og kælivökvinn tæmdist af henni niður í kjöl;
- að aðalvélín var tekin upp tveimur árum áður og þessi bátur hafði verið lítið notaður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.